



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

2.mars 2015

Mættir:

Haraldur Eyvinds –formaður

Erla Kristín Árnad- kraftlyftingadeild

Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri

Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikad

Hreinn Októ Karlsson – ritari

Hjalti Ástbjartsson – handknattleiksdeild

Hafdís Guðmundsdóttir -meðst

Hilmar Sigurðsson– knattspyrnudeild.

Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri

Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Ragnar Rafnsson -varaformaður

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda

2. Önnur mál

Handknattleiksdeild óskað til hamingju með bikarmeistartitilinn. Stórglæsilegur árangur.

1. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild.

Hjalti hæstánægður með titilinn og mikil ánægja með hve margir Seltirningar komu í höllina og studdu Gróttu og var ánægja líka með móttökuna niðri á Eiðistorgi eftir leik. Nú er bara að ná stelpunum niður eftir sigurinn því þær eiga leik við Selfoss á miðvikudag 4.mars á heimavelli og svo annan heimaleik laugardaginn 7.mars. Gaman að sjá hve stór hluti liðsins er uppalinn hjá Gróttu. Við sigurinn virkjaðist ákvæði við Seltjarnarnesbæ varðandi styrki frá bænum þegar titill vinnst, fínt að fá pening inn í deildina. Gróttu í meistaraflokki karla líta vel út eru efstir í deildinni, með 3 stiga forskot og eiga 5 leiki eftir. Eiga Víking í lokaleik! Síðustu leikir í deildum verða rétt fyrir páska. Rætt var um nokkra árganga sem eru fámennir. Hugmynd um að fjölga í stjórn handknattleiksdeildar og ætla flestir núverandi stjórnarmenn að halda áfram.

Knattspyrnudeild.

Hilmar ítrekaði hamingjuóskir til handknattleiksdeildar með titilinn. Þeir eru á fullu við að undirbúa aðalfund. Það verða nokkrar breytingar hjá þeim. Það er áætluð að fjölga í stjórn úr 7 í 9 og ekkert unglíngaráð verður starfrækt sérstaklega. Þarf að breyta lögum til þess að þessar breytingar geti gengið. Nánast allir núverandi stjórnarmenn ætla að halda áfram að vera í stjórn. Verið er að vinna í því að skrá niður hlutverk og lýsingu manna í stjórnnum knattspyrnudeildar. Hilmar ræddi um að mikil ánægja væri með þórrablót Gróttu. Búið er að fresta karlavöldi Gróttu allavega til 22.apríl.





Fimleikadeild.

Guðrún Edda sagði frá ferð fimleikadeildar Grótttu til Boston þar sem 13 stelpur æfðu og kepptu. Komu þær með helling af verðlaunum heim og 3 risastórar dollur/bikara eins og Guðrún orðaði það ;-). Mikið af stigamótum eru núna, 2 af 3 liðum Grótttu komust á pall um síðustu helgi í A og B liða móti í 5.þrepi. Efri þrepi keppa um næstu helgi. Gróttta verður með lið í frjálsum æfingum í fyrsta skipti í mörg ár og verður spennandi að fylgjast með þeim. Búið er að ganga á ýmsu varðandi samskipti aðalþjálfara fimleikadeildar og iðkenda og foreldra. Það hefur verið fenginn annar þjálfari til að þjálfa 3x í viku í Grótttu og 3x í viku í Ármanni hluta af hópnum og svo mun aðalþjálfarinn halda áfram með hinn hluta hópsins. Mikið virðingarleysi er hjá umræddum þjálfara í samskiptum við foreldra og starfsmenn. Mun þjálfarinn vera búinn að segja upp og hættir 30.apríl. Guðrún Edda ræddi og benti réttilega á að aðstaðan væri til skammar hérna á Nesinu fyrir fimleikana. Gengur erfiðlega að ráða þjálfara.

Guðrún Edda tilkynnti svo að hún væri að hætta sem formaður fimleikadeildar og væri öllu stjórnin að hætta líka nema 1 stjórnarmaður!

Rætt var um að halda ró okkar fram í næstu viku varðandi að fá nýtt fólk í stjórn og mun Ásta tala við Sesselju varðandi það að hafa samband við foreldra um að koma í stjórn. Svo er fimleikadeild að skoða að ráða inn starfsmenn í 50 % stöðu til að létta undir með Sesselju sem vinnur mjög mikið.

Kraftlyftingadeild.

Erla Kristín sagði frá að einn keppandi frá Grótttu hefði farið á NM í Finnlandi. Matt-hildur Óskarsdóttir hlaut bronsverðlaun í -72 kg flokki unglinga. Frábær árangur! Framundan eru byrjenda- og lágmarka mót fyrir Íslandsmót, svo verður unglinga og öldungamót í mars. Mestur tími formanns fer í tuð og leiðindi við stjórn KRAFTS sem kemur illa fram við Grótttu og er til háborinnar skammar. Búið er að fara með málið til ÍSÍ og liggur boltinn/lóðið hjá þeim. Mikil óánægja er með landsliðsþjálfarann og finnst fólk hann ekki vera starfi sínu vaxinn. Arnhildur er að fara á HM í apríl. Það verður opið Grótttumót fyrstu helgina í maí. Selt verður inn á mótið og vonast er eftir mörgum þátttakendum. Svo er það komið á hreint að beltið hjá Erlu er komið á hilluna, STAÐFEST.

Önnur mál

- Haraldur sagði frá væri verið að setja mynd af bikarmeisturunum í handknattleik kvenna á segl og ætti bara eftir að finna stað inn í sal til að setja hana á
- Einar Óli styrktarþjálfari er búinn að fresta flutningu til Ástralíu um eitt ár og verður hann þá allavega í eitt ár í viðbót.
- Kom fram að Adam Snær Jóhannsson einkaþjálfari muni sjá um styrktarþjálfun hjá 2. og 3. flokki í handknattleik og knattspyrnu.
- Ásta ræddi að það væri mikið þúsl að komst í salinn með styrktarþjálfunina.
- Ekkert heyrst frá bænum varðandi stækkun á íþróttahúsi.
- Ljóminn kemur nk. fimmtudag 5.mars með ágóðan af áramótaballinu og færa Grótttu.
- Ásta og Gitta köstuðu fram spurningu varðandi Gróttumessuna. Þær sáu um allt frá A-Ö. Er þetta eitthvað sem við viljum halda áfram eða hvað? Ekki hægt að setja alla





vinnu á þær tvær. Messan vel sótt um 200 manns. Ákveðið að skoða stemminguna að 10 mán. liðnum.

-Hilmar spurði um vefsíðuna. Haraldur sagði frá því að búið væri að stofna vefhóp sem væri að fara að hittast í næstu viku og skoða þetta. Búið er að gera greiningu á þessu hjá Grótttu og niðurstaðan er að við erum að gera of mikið á of mörgum stöðum. T.d ætti bara að vera ein Facebook síða hjá félaginu. Er allt í vinnslu.

-Ásta ræddi um að það vantaði söguritara fyrir Grótttu. Félagið er að verða 50 ára eftir 2.ár. Hugmynd kom upp að tala við Bjarna Álfþórsson um að halda utan um það og mun Ásta gera það.

-Ræddar voru breytingar í aðalstjórn, mun 3 stjórnarmeðlimir hætta á næsta aðalfundi, Haraldur formaður, Guðjón gjaldkeri og Hafdís meðstjórnandi

Síðasta fundi á þessu starfsári slitið kl 21:06

